

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kalkbrennslu.* **66**
 — Með þóknanlegu brjefi 12. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef frá eigöndum kalkbrennslunnar við Reykjavík, E. Egilsyni og konsúl M. Smith, um 2000 kr. lán úr viðlagasjóði, leigulaust, til að halda áfram kalkbrennslunni, með þeim kjörum, að það sje borgað aptur á 10 árum, 200 kr. á ári, og gegn veði í öllum eigum kalkbrennslunnar; og leggið þjer það til, að lán þetta sje veitt með þeim kjörum, að greiddir verði af því í vöxtu 4 af hundraði um árið, höfuðstóllinn endurborgaður á 10 árum, 200 kr. á ári, og að beiðendurnir setji sama veð fyrir láninu og annars er heimtað fyrir lánum úr viðlagasjóði. 13. apríl.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafanar, að beiðni þessi er veitt, með þeim kjörum, er þjer hafið stungið upp á, herra landshöfðingi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af vínföngum.* **67**
 — Út af bónarbrjefi því, er þjer hafið hingað sent með þóknanlegu brjefi yðar 6. febr. þ. á., herra landshöfðingi, þar sem sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu sem skiptaráðandi í dánarbúi Th. J. Thomsens kaupmanns fer þess á leit, að dánarbú þetta, sem meðtók með skipinu «Succes» í júlímánuði f. á. 3 pípur af spiritus, er í áttu að vera 2443 pottar, eptir því sem stóð í tollskránni, en eptir því sem stóð í aðal-faktúrunni, og eptir því, sem viðtakandi hefir vottað upp á æru og trú, voru ekki í þeim nema 1906½ pottur, megi losast við að greiða frekara tollgjald en það, er þegar hefir heimtað verið og greitt af hinni síðarnefndu pottatölu, — er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að beiðni þessi er veitt, eptir atvikum. 29. apríl.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af vínföngum.* **68**
 — Út af bónarbrjefi, er hingað barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 14. janúar þ. á., er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn hefir eptir atvikum álitíð sig geta leyft, að þær 3 kr. 60 a., er skipstjórinn á skonnert «Harriet», H. C. Petersen, hefir borgað í aðflutningsgjald af 12 flöskum af víni, er hann kom til Húsavíkur árið 1876, sjeu honum endurborgaðar, með því að þær, eptir hans sögn, heyrðu til vistföngum skipverja, þótt þess væri eigi getið í tollskránni. 30. apríl.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um fjallvegabætur.* **69**
 — Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, veitast hjer með af fje því, sem ætlað er til fjallveganna þ. á., 400 kr. til þess að fullgjöra veginn yfir Vatnsskarð. Býst jeg við, að þjer annizt hið nauðsynlega með tilliti til framkvæmdar á þessari vegabót og tryggingar fyrir, að hún verði vel og vandlega af hendi leyst. 5. maí.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörðum.* **70**
 — Eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, að meðteknu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. febr. þ. á., hefir hans hátign konunginum 3. þ. m. þóknazt allramildilegast að fallast á, að Sauðafellskirkja sje látin fá Hvamms-kirkjujörðina Sanddalstungu í Norðurárdal í Mýrasýslu í vesturumdæmi Íslands í makaskiptum fyrir jörðina Kross í Haukadal í Dalasýslu í sama umdæmi. — — — 6. maí.

Hinn 8. júní 1878.